



HRUNAMANNAHREPPUR

34. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

21. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 7. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist eftirfarandi liðir:

liður nr.4, Afréttarmálanefnd: Fundargerð 6. fundar frá 5. desember sl.
liður nr. 5, Umhverfisnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 20. nóvember 2023.
Liður nr. 32, Næsti fundur sveitarstjórnar.

Tölusetning annarra liða breytist í samræmi við þetta. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Skólanefnd: Fundargerð 8./9. fundar frá 30. nóvember sl.**
Lögð fram fundargerð 8./9. fundar Skólanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 3. fundar frá 14. nóv. 2023.**
Lögð fram fundargerð 3. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Ungmennaráð: Fundargerð 2. fundar frá 14. nóvember 2023.**
Lögð fram fundargerð 2. fundar Ungmennaráðs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Afréttarmálanefnd: Fundargerð 6. fundar frá 5. desember 2023.**
Lögð fram fundargerð 6. fundar Afréttarmálanefndar.

Fulltrúar L-listans lögðu fram eftirfarandi tillögu:

*Í ljósi þess að í niðurstöðu afréttamálanefndar koma fram efasemdir um lögmæti tillögu L-listans og að niðurstaða afréttamálanefndar samræmist ekki álitni umboðsmanns Alþingis nr 2638/1999 og 9305/2017, óska fulltrúar L-lista eftir því að sveitarfélagið láti gera lögfræðilega úttekt á af hverjum sveitarfélagið er heimilt að innheimta fjallskilagjöld af.
Bent er á að í fjallskilasamþykkt fyrir Arnessýslu austan vatna, nr 844 frá 2022 segir í e lið 10 gr.*

„Fjallskilaskyldir aðilar eru þeir sem eiga og/eða halda búfénað sem þeim er heimilt samkvæmt lögum eða fjallskilasamþykkt að reka í afrétt eða önnur sameiginleg beitolönd, sem fjallskilaframkvæmd tekur til. Fjallskilum í afrétt eða öðrum sumarstarhögum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Þó er heimilt að leggja allt að þriðjung fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og

hlunninda. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað sem sannarlega gengur ætíð í öruggum girðingarhólfum eða í eyjum". Einnig óska fulltrúar L-listans eftir því að lagt verði fram yfirlit yfir þann kostnað sem fellur undir fjallskil sem innheimt eru og hvernig þeim er skipt niður til innheimtu. Fjallskil eru þjónustugjöld og samkvæmt lögum er óheimilt að inneimta meira en þann kostnað sem fellur til. Þetta verði gert áður en fjallskilainnheimta verður send út.

Tillagan borin upp og felld með atkvæðum meirihlutans sem lagði fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti sveitarstjórnar tekur undir álit nefndarinnar og telur ekki rétt að breyta því formi sem verið hefur á innheimtu fjallskilagjalds undanfarin ár.

Varðandi lið 2, fjallskilagjald þá samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að fjallskilagjald pr. vetrarfóðraða kind hækki um sem nemur hækkun neysliverðsvísitölu síðastliðins árs eða um 8%.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

5. Umhverfisnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 20. nóvember 2023

Lögð fram fundargerð 8. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en á fundinum samþykkti umhverfisnefnd gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir sitt leyti.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

6. Fundargerð 270. fundar skipulagsnefndar frá 29. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 270. fundar skipulagsnefndar frá 29. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. nóvember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 18. Galtaflöt 13: Byggingarheimild; Sumarbústaður.

Móttekin er umsókn, þ. 16.11.2023, um byggingarheimild fyrir 89,8 m² sumarbústað á sumarbústaðalóðinni Galtaflöt 13 L200931 í Hrunamannahreppi. Lóðin er skráð 3.940 fm.

Umsótt brúttó flatarmál viðkomandi húss er 89,8 fm og telst því innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03. B-rými hússins eru skráð 59,4 fm sem falla undir rými sem eru undir þakskyggni. B-rými teljast með í útreikningi á nýtingarhlutfalli lóðar og telst því nýtingarhlutfall hússins innan lóðar í heild vera 0,037. Að mati skipulagsnefndar telst það innan heimilda aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall lóða undir 5.000 fm. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við útgáfu byggingarheimildar fyrir umsóttu sumarhúsi. Byggingarfulltrúa verði falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarheimildar fyrir umsóttu sumarhúsi.

Mál nr. 19. Brúarhlöð: Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Brúarhlaða í Hrunamannahreppi eftir kynningu. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð, sunnan Skeiða- og Hrunamannavegar. Breytingin tekur til um 4 ha svæðis sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Við Brúarhlöð er bílastæði þar sem ferðamenn stoppa og skoða gljúfur Hvítár og frá því liggur stígur að gljúfrinu. Landeigandi vill byggja upp þjónustu á staðnum og leggja fleiri og betri gönguleiðir um svæðið. Dregið

hefur verið úr umfangi mannvirkja og stærð svæðis m.v. hugmyndir sem settar voru fram í skipulags- og matslýsingu, hætt er við gistingu og þjónustuhús minnkað. Samhliða aðalskipulagsbreytingu er unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Athugasemdir og umsagnir bárust á kynningartíma aðalskipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd telur að brugðist sé við umsögnum sem bárust á kynningartíma skipulagstillögunnar með fullnægjandi hætti innan greinargerðar tillögunnar, gr. 6.2. Athugasemd barst er varðar mörk Einiholts Kálfhólts að landi Brúarhlaða frá landeigenda aðliggjandi lands. Tiltekið er í athugasemd að viðkomandi breyting á aðalskipulagi taki til lands sem sé í eigu Einiholts Kálfhólts L167299 og fari jafnframt út fyrir sveitarfélagsmörk Hrunamannahrepps. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að leitað verði umsagnar Bláskógabyggðar vegna fyrirhugaðrar skipulagsbreytingar. Nefndin bendir á að viðkomandi breyting á aðalskipulagi tekur til breyttrar landnotkunar innan jarðar Brúarhlaða er varðar skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði og vatnsból. Ekki er tekin afstaða til eignaréttarlegs ágreinings sem varðar landamerki á svæðinu af hálfu nefndarinnar hvorki við vinnslu breytingar á aðalskipulagi eða innan deiliskipulags þegar það kemur til afgreiðslu. Að mati nefndarinnar eru ekki lögð fram gögn sem gefa ástæðu til að verða við kröfum eiganda Einiholts Kálfhólts um að ferli skipulagsbreytinga verði stöðvuð þar sem eingöngu er vitnað til eldri skipulagsgagna sem tóku ekki gildi auk landamerkjalyýsinga sem tilgreina að mörk séu dregin í miðlinu ár. Nefndin bendir enn fremur á að fyrir liggja hnitsett mörk lands Brúarhlaða, ekki var leitað samþykkis landeigenda Einiholts Kálfhólts er varðar mörk lands Brúarhlaða út í Hvítá en eigendur Haukhólts 1 skrifa hins vegar undir þau gögn. Gefur það til kynna að mati nefndarinnar að eigendur Haukhólts hafi verið meðvitaður um legu jarðarinnar við útskiptingu landsins á sínum tíma. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að horfa til þess við vinnslu skipulagsbreytinga á svæðinu og við vinnslu deiliskipulags þegar að því kemur. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Brúarhlaða verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Brúarhlaða í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 20. Ísabakki: Skilgreining svæðis fyrir útleiguhús; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn frá Margréti Gunnarsdóttur er varðar heimild til deiliskipulagsbreytingar fyrir útleiguhúsum í landi Ísabakka. Á jörðinni er föst búseta og er jörðin leigð út til annarra bænda sem nýta tún jarðarinnar auk smávægilegrar malartöku auk þess sem vélaverktaka fyrirtækið Flúðaverktakar ehf. nýta útihús jarðarinnar.

Skipulagsnefnd UTU telur að viðkomandi uppbygging samræmist stefnu aðalskipulags er varðar aðra atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum. Heimilt er, þar sem er föst ábúð, að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframléiðslu. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli. Nýta má byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Einkum er horft til starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að landbúnaðarstarfsemi. Nefndin bendir þó á að viðkomandi land telst til landbúnaðarlands í flokki 1 og 2 samkvæmt flokkun landbúnaðarlands. Að mati nefndarinnar er forsenda viðkomandi starfsemi því að áhrif viðkomandi uppbyggingar verði metin út frá landgæðum og áhrifum hennar á landbúnaðarland í flokki I og II. Að mati nefndarinnar er það landeigenda að leggja fram það mat.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar.

Mál nr. 21. Langholtskot: Móar; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar úr landi Langholtskots L166796. Lóðin sem um ræðir er 18.254,2 fm að stærð og fær staðfangið Móar. Aðkoma er frá Langholtsvegi (nr. 341), um Langholtskotsveg (nr. 3491) og þaðan um vegslóða.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 22. Gata: Brekkuhlíð; Starfsmannahús; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Brekkuhlíðar í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja allt að 150 fm starfsmannahús á lóðinni. Heimildin var til staðar í eldra skipulagi og datt út fyrir mistök við endurskoðun deiliskipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 29. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. nóvember sl.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. nóvember sl. eru lagðar fram til kynningar.

7. Stjórn byggðasamlags UTU bs.: Fundargerð 104. fundar stjórnar frá 14. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð 104. fundar stjórnar byggðasamlags UTU bs.

Á fundinum var lögð fram bókun frá fundi Seyrustjórnar sem haldinn var 30. október s.l. Þar sem samþykkt er að færa rekstur seyruverkefnisins inn í byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Einnig fór fram á fundinum önnur umræða um fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2024.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir UTU og samþykkir einnig þau áform að rekstur seyruverkefnisins verði færður til UTU. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

8. Stjórn skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 22.11. sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en sveitarstjórn samþykkir jafnframt framlagða fjárhagsáætlun.

9. Seyrustjórn: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 28. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 13. fundar Seyrustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en sveitarstjórn samþykkir jafnframt framlagða fjárhagsáætlun.

10. Vinnuhópur vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnessýslu: Fundargerð 1. fundar frá 29. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 1. fundar vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnessýslu.

Sveitarstjórn fagnar því að vinnuhópurinn skuli vera tekinn til starfa og væntir mikils af þeim hugmyndum og verkefnum sem framundan eru. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

11. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 232. fundar frá 27. nóvember sl. - ásamt fundargerð aðalfundar frá 27. október sl.

Lögð fram fundargerð 232. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs sem haldinn var þann 27. október 2023.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

12. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 3. fundar frá 9. október sl.

Lögð fram fundargerð 3. fundar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 4. fundar frá 13. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

14. Umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá 17. nóv. 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Sveitarstjórn minnir á fyrri hugmyndir ríkisstjórna um að hluti af gistináttagjaldi sem innheimt verður á landinu renni til sveitarfélaga og þá að hluta til beint en einnig í gegnum Jöfnunarsjóð til að tryggja verði að öll sveitarfélög, líka þau sem hafa fáa gististaði en eftirsóttar náttúruperlur sem þarfnast þjónustu fái einnig tekjur til að standa straum af kostnaði við móttöku ferðamanna.

15. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 24. nóv. 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir). 497. mál.

Lagt fram til kynningar.

16. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 27. nóv. 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 73. mál Sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).

Lagt fram til kynningar.

17. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 27. nóv. 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 509. mál – húsnæðisstefna fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Lagt fram til kynningar.

18. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 28. nóv. 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 402. mál – Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

Sveitarstjórn minnir á að allar hugmyndir Alþingis sem valdið geta kostnaðarauka á sveitarstjórnarstiginu ber að kostnaðarmeta og greiða sveitarfélögum í framhaldinu þann kostnað sem af slíkum tillögum hlýst. Það er ljóst að með því að öllum börnum verði veittar gjaldfrjálsar skólamáltíðir myndast þó nokkur kostnaður hjá sveitarfélögum sem flest hver í dag innheimta gjald fyrir máltíðir sem stendur því sem næst undir hráefniskostnaði. Allur annar kostnaður við máltíðir skólabarna fellur á sveitarfélögin og íbúa og er þar um verulega niðurgreiðslu að ræða. Svo dæmi sé tekið greiða börn í Flúðaskóla kr. 440,- fyrir hádegisverð sem samanstandur af heitum rétti, fjölbreyttu meðlæti og salatbar. Sé algengt verð á matvælum skoðað kemur til dæmis í ljós að ein lítil dós af Örnú skyri með jarðarberjum kostar kr. 338,- í lágvöruverðsversluninni Krónunni. Því verður seint hægt að halda því fram að verð á skólamáltíðum allavega hér í Hrunamannahreppi sé íþyngjandi fyrir fjölskyldur. Rétt er að minna aftur á að verði tillaga sem þessi að veruleika yrði ríkisstjórn að borga sveitarfélögunum þann kostnað sem felst í hráefni matarins hið minnsta og mætti í því tilliti spyrja sig hvort að slík ráðstöfun fjár án tillits til efnahags foreldra og forráðamanna þeirra sem njóta myndu slíkra niðurgreiðslu sé skynsamleg nýting fjármuna ríkissjóðs sem okkur vitanlega er rekinn í dag með umtalsverðum halla.

19. Bréf frá umboðsmanni Alþingis frá 9. október 2023.

Lagt fram bréf frá Umboðsmanni Alþingis vegna kvörtunar Margrétar Eyfells sem lýtur að því að Hrunamannahreppur hafi ekki afgreitt erindi hennar sem lúta að lóðarleigusamningi í Kerlingarfjöllum.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að svara erindi Umboðsmanns í samráði við lögmann í samræmi við fyrri afgreiðslur um málið.

20. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 27. nóvember 2023.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna alþjóðlegs minningardags Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert. Dagurinn er fyrst og fremst tileinkaður minningu þeirra sem látist hafa í umferðinni. Að þessu sinni var dagurinn helgaður fyrstu viðbrögðum og neyðarhjálpi á slysstað.

Lagt fram til kynningar.

21. Bréf frá Menningar- og viðskiptaráðuneytinu frá 4. desember 2023.

Lagt fram bréf frá Menningar- og viðskiptaráðuneytinu vegna vinnu við tilnefningu sundlaugamenningar Íslendinga á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps lýsir yfir eindregnum stuðningi við umsókn ráðuneytisins og tekur undir það sjónarmið að sundlaugamenning Íslendinga er einstök og sundlaugar landsins einnig. Hér í Hrunamannahreppi er rík og mjög gömul hefð fyrir sundmenningu enda elsta sundlaug landsins byggð hér árið 1891, Gamla laugin í Hverhólmanum á Flúðum, sem enn í dag nýtur mikilla vinsælda.

22. Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 15. nóvember 2023.

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna endurnýjunar undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.

Unnið er að endurnýjun undanþágunnar á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfn og vonar sveitarstjórn að vel verði tekið í þá beiðni enda eru starfsmenn okkar á þessu sviði afar reynslumiklir og fullfærir um að sinna þeim verkefnum á sviði barnaverndar sem upp kunna að koma á svæðinu.

23. Umsagnarbeiðni frá Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurlandis frá 15. nóvember 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurlandis.

Lagt fram til kynningar.

24. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 29. nóvember 2023.

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna fráveitumannvirkja í þéttbýli.

Sveitarstjórn vísar erindinu til nýrrar Veitu- og framkvæmdanefndar sem taka mun til starfa á nýju ári.

25. Bréf frá Tónlistarskóla Árnesinga frá 15. nóvember 2023.

Lagt fram bréf frá Tónlistarskóla Árnesinga vegna ástands kennsluhúsnæðis Tónlistarskóla Árnesinga á Flúðum haust 2023.

Sveitarstjórn vísar erindinu til nýrrar Veitu- og framkvæmdanefndar sem taka mun til starfa á nýju ári.

26. Erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi skólamáli frá 5. desember 2023.

Lagt fram erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fram kemur ósk um breytingu á núverandi samningi um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Flúðaskóla.

Sveitarstjórn vísar erindinu til Skólanefndar til umsagnar og mun að loknu því ferli svara erindinu formlega.

27. Bréf frá Kvænnaathvarfinu frá 4. desember 2023.

Lagt fram bréf frá Kvænnaathvarfinu með beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2024.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Kvænnaathvarfið með kr. 50.000,-.

28. Bréf frá Jafnréttisstofu frá 24. nóvember 2023.

Lagt fram bréf frá Jafnréttisstofu vegna endurnýjunar á heimild til að nota jafnlaunamerkið.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með að sveitarfélagið hefur nú hlotið endurvottun á jafnlaunakerfi Hrunamannahrepps sem er staðfesting á að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins samræmist kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Sveitarfélagið hefur innleitt verklag sem tryggir að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Niðurstaða jafnlaunavottunar ársins 2023 er að kynbundinn launmunur sé 1% konum í hag.

29. Umsókn um námsvist utan lögheimilssveitarfélags.

Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilssveitarfélags.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir umsögn Skólalátnustu Árnesþings um erindið og mun taka það fyrir aftur á næsta fundi sínum.

30. Drög að skólastefnu Hrunamannahrepps 2023-2030.

Lögð fram drög að skólastefnu Hrunamannahrepps fyrir árin 2023-2030.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa skólastefnu Hrunamannahrepps 2023-2030 til síðari umræðu.

31. Drög að endurskoðuðum reglum um frístundastyrk til barna og ungmenna í Hrunamannahreppi.

Lögð fram drög að endurskoðuðum reglum um frístundastyrk til barna og ungmenna í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir reglur um frístundastyrk til barna og ungmenna í Hrunamannahreppi.

32. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 14. desember nk. kl. 17:00

Fjárhagsleg málefni:

33. Gjaldskrár Hrunamannahrepps.

Lagðar fram gjaldskrár Hrunamannahrepps fyrir árið 2024.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir gjaldskrár breytingum ársins 2024 með eftirfarandi hætti:

Það er eftirtektarvert að gjaldskrár í Hrunamannahreppi eru víða með því lægsta sem gerist. Sem dæmi má nefna að gjaldskrá hitaveitu er með því allra lægsta sem gerist ef ekki sú lægsta á landinu. Gjöld fyrir leikskóla eru óvíða lægri og árskort í íþróttamannvirki eru afar ódýr, heimsendur matur til eldri borgara sömuleiðis og áfram mætti telja. Er ljóst að sveitarstjórn hefur í gegnum tíðina viljað gera vel við íbúa og er það jákvætt. Þó verður ávallt að gæta þess að ganga ekki of langt í þessum efnum enda eru tekjustofnar sveitarfélaga á Íslandi bæði fáiir og smáir og því mikilvægt að gætt sé að rekstrarhæfi sveitarfélaga um leið og íbúum eru búin góð lífsskilyrði.

Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að jafnaði um sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðna 12 mánuði eða um 8%. Sveitarstjórn miðar hækkun gjaldskráa við verðlagsþróun síðastliðins árs en ekki við verðbólguþá komandi árs. Með þessu móti er sveitarstjórn að vinna með rauntölur sem hlýtur að vera eðlilegra en að hækka gjaldskrár á undan verðbólgunni. Einhverjar undantekningar eru frá þeirri reglu svo sem hvað varðar árskort í íþróttamannvirkin sem hækka ekki á milli ára og eru þar heilsueflandi sjónarmið höfð að leiðarljósi. Á árinu 2023 var börnum (0-17 ára) búsettum í sveitarfélaginu veittur gjaldfrjáls aðgangur að sundlauginni, tækjasal (þau sem hafa aldur til) og íþróttahúsinu (opnir tímar).

Á árinu 2023 var gerð breyting á innheimtu leikskólagjalda en nú fá öll börn gjaldfrjálsar 6 klukkustundir á dag í leikskóla. Fyrir sjöundu og áttundu klukkustundina er greitt hóflegt gjald. Frístundastyrkur er hækkaður um leið og hann nær einnig til barna milli 0-6 ára sem er breyting frá fyrra ári. Einnig eru heimgreiðslur til foreldra barna frá 1 árs aldri og þar til barninu býðst leikskólavistun hækkaðar. Áfram er einnig gert ráð fyrir að bókasafnið verði gjaldfrjálst.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá þeirra stofnana sem fram koma í skjalinu og ekki eru sérstaklega teknar til afgreiðslu síðar á fundinum.

- Gjaldskrá fyrir mötuneyti Flúðaskóla og Skólasel.

Lögð fram gjaldskrá fyrir mötuneyti Flúðaskóla og Skólasel.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

- Gjaldskrá Leikskólans Undralands á Flúðum.

Lögð fram gjaldskrá Leikskólans Undralands.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

- Gjaldskrá ípróttamannvirkja.

Lögð fram gjaldskrá ípróttamannvirkja.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

- Frístundastyrkur.

Lagt til að frístundastyrkur fyrir árið 2024 verði að upphæð kr. 52.500,-.

Sveitarstjórn samþykkir upphæð styrks.

- Heimgreiðslur.

Lagt til að heimgreiðslur á árinu 2024 verði að upphæð kr. 115.500,-.

Sveitastjórn samþykkir upphæð heimgreiðslu.

- Gjaldskrá Félagsheimilis Hrunamanna.

Lögð fram gjaldskrá Félagsheimilis Hrunamanna.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

34. Gjaldskrá fráveitu, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá fráveitu til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

35. Gjaldskrá vatnsveitu, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá vatnsveitu til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

36. Gjaldskrá Hrunaljóss, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

37. Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

38. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna.

Lögð fram tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

39. Fjárhagsáætlun 2024 ásamt áætlun um fjárfestingar sama árs og þriggja ára áætlun með greinagerð, seinni umræða.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps vegna ársins 2024, til seinni umræðu ásamt drögum að þriggja ára áætlun árána 2025 – 2027.

Á fundinum kynnti sveitarstjóri einnig greinagerð sem send hefur verið öllum sveitarstjórnarmönnum og kynnt verður íbúum á heimasíðu sveitarfélagsins. Í greinargerð með fjárhagsáætlun kom eftirfarandi fram:

Með áætluninni er lagður grunnur að fjárhagsramma sveitarfélagsins fyrir árið 2024 sem nefndum og stofnunum sveitarfélagsins er ætlað að vinna vinna eftir.

Auk þess er unnin 3ja ára áætlun fyrir árin 2025-2027 eins og sveitarfélögum er lögum samkvæmt ætlað að gera.

Framlögð áætlun byggir á eftirfarandi meginforsendum:

- Útsvarsprósenta er óbreytt milli ára þ.e. 14,74%.
- Hækkun tekna vegna útsvars og fasteignaskatts á milli ára er áætluð um 10%.
- Á árinu 2023 var lagt til að álagningarprósenta fasteignaskatts í A-flokki (íbúðarhús og sumarhús) lækkaði úr 0,49% í 0,48%. Var sú lækking sett fram til að mæta hækkun á fasteignamat í sveitarfélaginu. Fasteignamat hækkar einnig á milli árunna 2023 og 2024 og því er hér lagt til að álagningarprósenta fasteignaskatts í A-flokki lækki í 0,47% til að koma til móts við fasteignaeigendur í sveitarfélaginu.
- Aðrar álagningarprósentur fasteignagjalda eru óbreyttar og rétt að geta þess að álagningarprósenta á C-flokk (atvinnuhúsnæði) er langlægst hér í Hrunamannahreppi í Uppsveitunum. Stefnt er að því að álögð gjöld hækki ekki umfram hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðinna 12 mánaða eða um 8% að jafnaði. Þó ber að geta þess að fasteignagjöld miðast við fasteignamat eigna í sveitarfélaginu en með nýrri aðferðafræði sem tekin var upp við fasteignamat fyrir nokkrum árum er ljóst að fasteignamat hækkar með mjög misjöfnum hætti innan sveitarfélaga sem og á milli þeirra og því er allur samanburður á hækkunum milli ára snúinn.
- Lagt er til að gjalddögum fasteignagjalda verði fjölgað og verða þeir nú 9 í stað 8 áður.
- Sorphirðu- og urðunargjöld verða kr. 83.085,-.
- Varðandi launakostnað er talsverð óvissa þar sem flestir kjarasamningar eru lausir í lok mars. En í áætluninni er tekið mið af gildandi kjarasamningum auk þess sem hækkun er sett á einstakar deildir til að mæta væntum launahækkunum.
- Frístundastyrkur breytist þannig að fleiri fái notið en nú gildir frístundastyrkur fyrir börn á aldrinum 0 - 18 ára í stað 6-18 ára eins og áður var. Hækkar styrkurinn milli ára og verður 52.500,-.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B hluta er jákvæð um 89,2 mkr.
- Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 96,9 m.kr.
- Heildartekjur Hrunamannahrepps (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nemi alls kr. 1.915 m.kr. fyrir árið 2023. Þar af eru skatttekjur (útsvar og fasteignaskattur) áætlaðar 819,3 m.kr.
- Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 275 m.kr.
- Aðrar tekjur A og B hluta eru áætlaðar 821,2 m.kr.
- Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 1.695 m.kr..
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 317,7 milljónir sem er 16,5% af tekjum sveitarfélagsins.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir 130,3 m.kr.
- Skuldahlutfall Hrunamannahrepps verður 72,5% í árslok 2024. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur ríkisstjórnin samþykkt að ákvæði í lögum varðandi skuldahlutfall og jafnvægisreglu séu felld út allt til ársins 2025. En þrátt fyrir það gætir sveitarstjórn að því að skuldir sveitarfélagsins fari ekki yfir 150% af tekjum og er Hrunamannahreppur langt undir því viðmiði á árinu 2024.

Framkvæmdaáætlun ársins 2024 gerir ráð fyrir 326,5 m.kr. fjárfestingum nettó í A og B hluta.

Helstu niðurstöður áætlunar fyrir árin 2025-2027 hvað samstæðuna varðar eru að áætlaðar tekjur 2025 eru 1.938 m.kr., fyrir árið 2026 2.026 m.kr. og fyrir árið 2027 2.116 m.kr. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er áætluð jákvæð fyrir árið

2025 um 86 m.kr., fyrir árið 2026 um 122 m.kr. og fyrir árið 2027 um 153 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri fyrir árið 2025 verði 241 m.kr., fyrir árið 2026 verði það 269 m.kr. og fyrir árið 2027 verði það 304 m.kr.

Á árunum 2025 – 2027 er gert ráð fyrir að fjárfestingar samstæðu Hrunamannahrepps muni samtals nema 627,5 m.kr. og að tekin verði ný langtímalán til að mæta þeim á tímabilinu að upphæð 100 m.kr.

Í Hrunamannahreppi er nú búið að úthluta lóðum í þéttbýlinu á Flúðum fyrir ríflega 50 íbúðir. Eru framkvæmdir hafnar við margar þeirra og aðrar eru í farvatninu. Þó verður að segjast að ytri aðstæður eru ekki sérlega hagfelldar húsbýggjendum í augnablikinu. Verðbólgan er þrálát og stýrivextir Seðlabankans þrátt fyrir að vera í hæstu hæðum gera lítið til að slá á verðbólguna.

En þó að ytri aðstæður hafi oft verið betri en nú er þá hafa einstaklingar og fyrirtæki trú á Hrunamannahreppi og því hefur öllum lóðum verið úthlutað sem auglýstar hafa verið. Einnig er jákvætt að sjá að rekstraraðilar hafa trú á svæðinu en ýmsar hugmyndir eru nú uppi varðandi uppbyggingu á ferðatengdri starfsemi í sveitarfélaginu.

Það er ánægjulegt að sjá að íbúum hefur einnig fjölgað á árinu 2023 en íbúar 7. desember 2023 eru nú 902 en voru 874 þann 1. janúar 2023. Hafa því 28 nýir einstaklingar bæst í hóp Hrunamanna á árinu. Fjölgun ársins nemur því núna rétt um 3%. Ekki er útlit fyrir annað en að sú þróun muni halda miðað við þann mikla fjölda íbúða sem hér eru í farvatninu og þann áhuga fjárfesta á svæðinu sem við nú upplifum.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun árána 2024 – 2027 við síðari umræðu sem og meðfylgjandi greinargerð.

Verkfundargerðir:

40. Byggð á Bríkum: Verkfundargerð 16. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

41. Kópvatn - Garðastígur Verkfundargerð 18. fundar, uppgjörsfundur.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

42. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 937. fundar stjórnar frá 12.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

43. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 938. fundar stjórnar frá 24.11.2023.

Lagt fram til kynningar.

44. SASS: Fundargerð aðalfundar frá 26. og 27. október 2023.

Lagt fram til kynningar.

45. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 67. fundar stjórnar frá 22. nóvember 2023.

- ásamt minnisblaði

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:28.